



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

21. apríl 2011

16. tbl. · 28. árg.



Vantar þig íbúð
til leigu?

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
SÍMI: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17

Heilluð af sögunni



„Ef við hefðum séð alla þessa vinnu fyrir okkur fyrir sex árum hefðum við aldrei farið út í þetta,“ segir Ragna Jóhanna Magnúsdóttir, vertinn í Einarshúsi í Bolungarvík. Á miðopnu í dag segir hún frá átakanlegri sögu hússins, áhuga sínum á menningartengdri ferðaþjónustu og ákvörðuninni um að segja skilið við Bakkus.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐINNI
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

EIMSKIP
Flytjandi

Góð reynsla af öryggishnöppum

Góð reynsla er komin á öryggisþjónustu slökkviliðs Ísafjarðarbæjar sem undanfarið ár hefur sinnt öryggisþjónustu á Hlíf, þjónustuíbúðum aldraðra á Ísafirði. Velferðarráðuneytið hefur veitt slökkviliðinu leyfi til starfans sem nú hyggst bjóða öðrum viðskiptavinum í Ísafjarðarbæ og nágrenni upp á þjónustuna.

„Þessir hnappar veita ekki bara þeim sem nýta þá öryggi heldur líka aðstandendum. Þeir geta ekki alltaf verið til staðar þegar eitthvað á bjátar og því ættu hnapparnir að veita þeim hugar-
ró. Eins eru þeir ekki eingöngu hugsaðir fyrir aldraða heldur geta þeir einnig nýst fólki sem á við ýmis veikindi að stríða,“ segir Maron Pétursson hjá slökkviliði Ísafjarðarbæjar.

Um leið ýtt er á hnappinn svarar sjúkralutningamaður og talar við viðkomandi þar til hjálp berst að staðinn. Þar er síðan metið hvort

hringja þurfi á sjúkrabíl og flytja viðkomandi á sjúkrahús eða hvað þurfi að gera. Þjónustan felst þó ekki eingöngu í útköllum. „Hægt er að tengja svona kerfi við eldavélar þannig að ef ekki er búið að slökkva á þeim í tvo tíma slær hún út. Mörg útköll okkar eru einmitt þegar fólk er að gleyma sér og það er alls ekkert bara aldradír sem gera það,“ segir Maron.

Maron segir að þörf hafi verið fyrir þessa þjónustu á staðnum. „Þetta uppfyllir þörf sem þurfti að uppfylla, auðvitað eru önnur fyrirtæki að bjóða upp á samskonar þjónustu en það sem við höfum fram yfir þá er að við erum með mann á staðnum í staðinn fyrir svarað sé frá Reykjavík.“ Þá hefur slökkviliðið einnig tekið að sér að vakta brunakerfi. Maron bendir á að hægt er að hafa samband við slökkviliðið vilji fólk sækja um þjónustu af þessu tagi. – thelma@bb.is



Góð reynsla er komin á öryggisþjónustu slökkviliðs Ísafjarðarbæjar á Hlíf á Ísafirði.

Áhersla á íbúðarbyggð og hafnsækna starfsemi

Ísafjarðarbær hefur auglýst breytingu á deiliskipulagi á Suðurtanga í Skutulsfirði en fyrirhugað er að skipuleggja allt land neðan Ásgeirsgötu. Skipulag svæðisins verður sett fram í tveimur aðskildum deiliskipulögum sem þó verða unnin samhliða eins og kostur er. Í öðru deiliskipulaginu verður aukið áhersla á íbúðarbyggð ásamt eflingu safnasvæðisins í Neðstakaupstað og hugsanlega aukningu í ferðaþjónustu á svæðinu. Önnur atvinnustarfsemi verður í sátt við áherslur íbúðarbyggðar og safnasvæðis. Lögð verður áhersla á gönguleiðir og græn svæði, verndun fjörunnar og aðgengi almenn-

ings að þessum svæðum í samræmi við áherslur aðalskipulagsins. Jafnframt verður tekið mið af þeirri nýtingu sem þegar er á svæðinu. Þá liggur fyrir að nokkur áhugi er á að auka ferðaþjónustu á svæðinu.

Umhverfisnefnd hafa borist erindi frá einstaklingum og rekstraraðilum um byggingu orlofshúsa, tjaldsvæðis fyrir tjaldvagna og húsbíla í nágrenni safnasvæðisins. Fleiri hugmyndir um ferðaþjónustu í nágrenni þessa svæðis hafa einnig verið reifuð. Þessar hugmyndir verða skoðaðar við gerð skipulagsins.

Í hinu deiliskipulaginu, sem nær til austurhluta Suðurtangans,

verður áhersla lögð á hafnar-
svæði og rými fyrir hafnsækna starfsemi annarsvegar og almennan iðnað hinsvegar. Gert er ráð fyrir landfyllingum í samræmi gildandi aðalskipulag, en landfyllingar á austanverðum Suðurtanga hafa einnig verið á dagskrá í fyrri skipulagsáætlunum. Tekið verður mið af nálægð svæðisins fyrirhugaða íbúðarbyggð á vestanverðum Suðurtanganum. Hugað verður að tengingum við gönguleiðir sem liggja um nærliggjandi svæði og aðgengi almennings að hafnar-
svæðum í samræmi við áherslur aðalskipulagsins. Jafnframt verður tekið mið af þeirri nýtingu sem þegar er á svæðinu. Fyrir liggur að nokkur þörf er á nýjum iðnaðarlóðum, einkum fyrir starfsemi sem sækir styrk sinn í nálægð við höfnina. Lítið er eftir af slíkum lóðum á Eyrinni.

Ljóst er að hætta er á sjávarflóðum á Suðurtanganum og er líklegt að sú hætta muni aukast í framtíðinni. Skoðaðir verða möguleikar til að draga úr líkum á sjávarflóðum á svæðinu og að landnýtingu verði hagað með tilliti til náttúruvár. Jafnframt verður tekið mið af þeim hæðartakmörkunum sem hindranaflötur Ísafjarðarflugvallar setur. Lögð verður áhersla á að íbúar og þeir sem munu starfa á svæðinu, búi við ásætlanlegt öryggi með tilliti til náttúruvár og að eignir verði sem best varðar.

– thelma@bb.is



Staða innheimtufulltrúa á Flateyri

Innheimtustofnun sveitarfélaga óskar eftir að ráða innheimtufulltrúa á starfsstöð sína á Flateyri.

Um er að ræða framtíðarstarf. Starfshlutfall er 100%. Laun skv. kjarasamningi Launnefndar sveitarfélaga og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Viðkomandi þarf að hafa góða tölvukunnáttu og eiga auðvelt með að vinna með öðrum. Lipurð í mannlegum samskiptum er nauðsyn.

Stefnt er að því að ráða í starfið frá og með 1. júní nk.

Starfið felur m.a. í sér almenna ráðgjöf til meðlagsgreiðenda sem og samskipti við fyrirtæki vegna frádráttar af launum meðlagsgreiðenda.

Hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að innheimta meðlög. Stofnunin er til húsa að Lág múla 9 í Reykjavík og Hafnarstræti 4 á Flateyri. Frekari upplýsingar um starfið veitir Bragi R. Axelsson, forstöðumaður á Flateyri, í síma 590-7100 og á netfanginu bragi@medlag.is.

Umsóknir sendist til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, Hafnarstræti 4, 425 Flateyri, fyrir 9. maí nk.

Einbýlishús óskast!

Kirkjumálasjóður óskar eftir einbýlishúsi til kaups eða leigu á Bíldudal eða Tálknafirði til afnota sem prestssetur fyrir sóknarprest Bíldudals- og Tálknafjarðarprestakalls, Vestfjarðaprofastdæmi.

Æskilegt er að fasteignin sé á einni hæð og stærð sé 120-200m², þ.m.t. bifreiðageymsla, ef hún fylgir með. Fasteignin þarf að vera í góðu ásigkomulagi og ekki fyrirsjáanlegar miklar viðhaldsframkvæmdir. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðu kirkjunnar, www.kirkjan.is/fast eign_oskast.



Ódýrustu páskaegginn í Bónus
 eru Bónus páskaegginn framleidd hjá sælgætisgerðinni Góu

AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS UM PÁSKANA

Þriðjudagur	19.apríl	11.00-19.00
Miðvikudagur	20.apríl	10.00-20.00
Skírdagur	21.apríl	11.00-19.00
Föstudagurinn langi	22.apríl	LOKAÐ
Laugardagur	23.apríl	10.00-19.00
Páskadagur	24. apríl	LOKAÐ
Mánudagur	25.apríl opið	12.00-18.00

OPIÐ MÁNUDAGINN 25. APRÍL

AKUREYRI - SELFOSSI - REYKJANESI - HAFNARFIRÐI Á HELLUHRAUNI
REYKJAVÍK: FISKISLÓÐ - SMÁRATORGI - GRAFARVOGI





Sokkabandið á æfingu í síðustu viku. Bryndís Friðgeirsdóttir á trommur og Eygló Jónsdóttir á gítar. Ljós: Baldur Páll Hólmgeirsson.

Sokkabandið snýr aftur

Hið sögufræga Sokkaband gengur í endurnýjun lífdaga á Aldrei fór ég suður-hátíðinni, þegar meðlimirnir í þessari annarri kvennahljómsveit landsins stilla saman strengi sína að nýju – eftir tuttugu og sjö ára hlé! Á þessum tímamótum er því ekki úr vegi að rifja upp glæstan feril bandsins og kanna hvernig endurkoman kom til eftir allan þennan tíma.

Stofnað fyrir rælni

Sokkabandið var stofnað á Ísafirði árið 1982, eftir að meðlimir í hljómsveitinni Gabríel fengu eiginkonur sínar og kærustur til að taka lagið á árshátíð snemma árs. Þær Oddný Lína Sigurvinsdóttir og Eygló Jónsdóttir, úr þessum föngulega kvenna hópi, komust þannig á bragðið og vildu alls ekki hætta eftir þetta fyrsta gigg sitt.

Báðar kunnu þær smávegis á gítar og ákváðu að stofna kvennahljómsveitina Sokkabandið ásamt Ásthildi Cesil Þórðardóttur, sem var þá nýbúin í tónlistarbransanum og hafði sungið á böllum frá barnsaldri. Ásthildur tók það

að sér að verða bassaleikari hljómsveitarinnar og tók strax til við að æfa sig. Skömmu síðar gengu þær Rannveig Ásgeirsdóttir og Bryndís Friðgeirsdóttir til liðs við bandið, en Rannveig var þá aðeins fimmtán ára gömul. Söngkonan Ingunn Björgvinsdóttir bættist einnig í hópinn, sem tók til við stífar æfingar. Nokkrar mannaþrengingar urðu á hljómsveitinni í gegnum þessi fáu ár sem hún starfaði og komu Björk Sigurðardóttir og Ásdís Guðmundsdóttir til dæmis fljótlega inn í stað Rannveigar og Ingunnar. Áður en yfir lauk höfðu einnig Bára Elíasdóttir og Fjola Magnúsdóttir spilað með bandinu.

Ásthildur Cesil sagði svo frá fyrstu mánuðum Sokkabandsins í viðtali við Þjóðviljann haustið 1982: „Við byrjuðum að æfa í júní, en þetta gekk heldur treglega þar til í ágúst að við fengum fastan trommara. Það báðu allar konur Guð að hjálpa sér þegar það var nefnt við þær að fara á trommurnar – þetta er auðvitað misskilningur. En loks fengum við Bryndís og síðan höfum við æft á fullu.“

Sokkabandið vakti raunar ótrú-

lega mikla athygli, og það löngu fyrir fyrstu tónleikana, á meðan bandið var enn við æfingar í bílskúrnum. „Það var alltaf verið að hringja í okkur frá útvarpinu og spyrja hvernig gengi – við vorum eiginlega þíndar til að halda tónleika áður en okkur fannst við vera tilbúnar, spennigurinn var svo mikill,“ sagði Ásthildur Cesil í viðtali við Bæjarins besta á síðasta ári og Eygló Jónsdóttir, einn forsprakkanna, tekur í sama streng.

„Þetta var eiginlega ótrúlegt. Ásthildur sýndi okkur úrklippubók á einum hittingnum okkar núna um daginn og þetta var allveg endalaust. Það var náttúrulega svo mikið af dagblöðum á markaðnum þá. Allir flokkarnir voru með blöð og það var búið að skrifa um okkur í þau öll. Blaðamenn kepptust við að koma hingað vestur og mér er til efs að nokkur hljómsveit hafi fengið aðra eins umfjöllun og við fengum án þess að spila eina einustu nótu opinberlega“ segir Eygló.

Sokkabandið var enda bara önnur kvennahljómsveit Íslands, á eftir hinum rómuðu Grýlum, og þótti því stórmerkileg fyrir

vikið. Dagblaðið Vísir sá til dæmis ástæðu til þess að spyrja Ásthildi hvort Sokkabandskonur heyrðu ekki einhverjar efasemdarraddir um þetta uppátæki, að kona eins og hún, þá „38 ára gift kona og móðir“ skyldi taka sig til og stofna hljómsveit. „Nei,“ svaraði Ásthildur. „Það eru ekki neindir fordómar gegn okkur. Fólkið er miklu frekar forvitið. Til dæmis hafa strákar sem eru í hljómsveitum verið áhugasamir og hafa komið og heimsótt okkur. Að vísu hafa einstaka karlmenn fussað og sveiað yfir þessu.“

Metnaðurinn í konunum var og er hins vegar aðdáunarverður. „Við æfðum allveg í heillangan tíma áður en við höldum fyrstu tónleikana. Þeir voru í Sjallanum fyrir fullu húsi í einn og hálfan tíma og eingöngu frumsamið efni. Þetta var allveg rosa flott!“ segir Eygló. „Þegar við höfum hist og talað um þetta í seinni tíð hristir maður bara hausinn, þetta var eiginlega allveg ótrúlegt. Það hjálpaði okkur enginn, við gerðum þetta bara allt sjálfar, útsettum og allt, þrátt fyrir að við kynnum það alls ekki,“ segir hún og hlær við.

Facebook að þakka

En hvernig skyldi endurkoman á Aldrei fór ég suður þá hafa komið til, eftir hátt í þrjátíu ára pásu frá spilerí og tónleikahaldi?

„Þessi hugmynd hefur nú oft komið upp í gegnum tíðina,“ segir Eygló. „Fólk hefur minnst á þetta við mann, að við ættum að vera með kombakk. Það hefur líka verið dálítið verið stemmn-ingin á Aldrei fór ég suður að hljómsveitir séu með kombakk, eins og Urmull í fyrra, til dæmis. Þá hefur þetta stundum borist í tal,“ útskýrir hún. Sveitin hefur hins vegar aldrei látið verða af því að telja í á nýjan leik, en stöllum hafa hins vegar rætt möguleikann sín á milli.

„Við Ásdís Guðmunds, söngkona, höfum nokkrum sinnum rætt þetta þegar við höfum hist, að við yrðum bara að láta verða af þessu einhvern tíma. Svo hitti ég Rannveigu á Facebook fyrir um tveimur árum og við vorum báðar á því að það yrði bara skemmtilegt að koma saman aftur. Einhvern tíma núna í janúar eða febrúar kom Oddný svo líka inn á Facebook. Einhver hafði

birt gamlar myndir af okkur frá Sökkabandsárunum og við fórum allar að kommenta á þær myndir. Í þeirri umræðu kom eiginlega í ljós að við vorum allar mjög spenntar fyrir því að hittast aftur og spila saman,“ útskýrir Eygló. Endurkoman er því að einhverju leyti samskiptavefnum að þakka.

Í kjölfar þessa stofnaði Eygló síðu þar sem Sökkabandskonur gátu rætt málin. „Við vorum allar til í þetta, en sumar voru náttúrulega meira nervös en aðrar,“ segir hún og hlær við. „Sumar höfðu ekki snert hljóðfærin sín í mörg ár. Við ákváðum þá bara að sjá til og ef við værum alveg búnar að tapa þessu niður fengjum við bara session-spilara til þess að leika með okkur. Hljómsveitir gera það oft,“ útskýrir hún.

Á brast þá fundarhald þar sem lögin fyrir Aldrei fór ég suður voru valin. „Aðallagahöfundurinn var náttúrulega Ásthildur, sem gaf svo út sitt eigið efni á plötunni Sökkabandsárin, en Oddný var líka öflug í að semja og gerði mjög góð lög,“ segir Eygló. „Ég veit að Rannveig samdi meira að segja líka eitt-hvað, þó hún hafi bara verið fimmtán ára. Við enduðum á því að velja fjögur lög og þar af tvö frá Ásthildi. Ég held að við komumst nú varla yfir meira á þessum tuttugu mínútum sem við höfum á Aldrei fór ég suður, það er hæpið,“ segir hún.

Það er þó hægara sagt en gert að æfa framkomuna þar sem Sökkabandskonur eru ekki lengur allar búsettar á Ísafirði. „Við höfum verið að senda eitthvað á milli á netinu. Oddný og Rannveig hafa tekið upp lög og sent okkur upptökur. Ég fór líka suður og hitti þær og við spiluðum aðeins yfir þessi lög. En enn sem komið er æfum við bara hver í sínu horni. Við hittumst ekkert allar saman fyrr en bara á páskaunum. Ég held að sú síðasta komi í bæinn á fimmtudeginum,“ segir Eygló og hlær við.

Sökkabandið treður upp á laugardegi. „Ég sendi rokkstjóranum póst og bað um að við fengjum að vera á laugardegi svo við hefðum einn auka dag til að æfa okkur! Það var ekkert mál, sem betur fer!“ segir hún kát.

Eins og synda eða hjóla

Þrátt fyrir að langt sé um liðið frá því að Sökkabandið tróð síðast upp, og yngsti meðlimur hópsins sé nú á fimmtugsaldri, virðast taktarnir ekki hafa gleymst.

„Mér heyrir á Bryndísi, sem spilar á trommur, að svo sé ekki. Hún hefur ekki snert þær síðan við hættum, en segir að þetta sé bara eins og að synda eða hjóla. Þetta gleymist ekkert, maður þarf bara aðeins að rifja þetta upp,“ segir Eygló, sem hefur sjálf ekki verið mjög ötul við spilamennskuna síðustu árin.



Eygló og Ásthildur Cesil Þórðardóttir taka lagið.

„Nei, eiginlega ekki. En það er samt svolítið skemmtilegt að þegar ég var í Sökkabandinu átti ég engan gítar, ég var alltaf með lánsgítar. Ég hef verið að reyna að rifja upp hver átti hann, en kem því ekki alveg fyrir mig. Í sumar átti ég hins vegar stórafmæli og ég á svo góða og skemmtilega vini að þeir söfnuðu saman og gáfu mér rafmagnsgítar og magnara í afmælisgjöf!“ segir hún og hlær við. Ef eitthvað er ætti hún því að vera betur í stakk búin fyrir spilamennskuna nú en þegar Sökkabandið var og hét. „Ég á allavega hljóðfæri,“ segir hún og brosir.

Og ekki er nóg með það, því hún er skráð í símaskrána undir því virðulega starfsheiti „rokkari“. Þegar blaðamaður forvitnast um hvort það hafi fylgt henni frá Sökkabandsárunum góðu hlær hún við. „Nei, það kom nú bara til eftir afmælið mitt. Ég ætlaði líka að vera rosalega dugleg að æfa mig eftir að mér áskotnaðist gítarinn, en það hefur nú farið eitthvað lítið fyrir því síðan í sumar. Eftir að þetta kom upp, að við ákváðum að spila á Aldrei fór ég suður, hef ég hins vegar alveg setið við þetta – ég æfi lögin tvisvar, þrisvar á dag,“ segir hún frá.

Fyrst á stokk í Músiktilraunum

Sökkabandið starfaði í ein þrjú ár, en lagðist þá af. Eftir fyrstu tónleikana í Sjallanum kom sveitin sömuleiðis fram á stórtónleikum í Alþýðuhúsinu, tók þátt í maraþonspilerí í Tónabæ og var merkilegt nokk, fyrsta bandið til að

stíga á stokk í fyrstu Músiktilraunum Tónabæjar, sem síðar hafa haslað sér völl sem ómissandi, árlegur viðburður í tónlistarflórinni. Dagblaðið Vísir fjallaði þá um hverja sveit fyrir sig og spjallaði við Sökkabandskonur um tilurð bandsins. Þar kemur meðal annars fram að kostnaðurinn við spileríð hafi verið „hroðalegur“. Þær „tóku víxla og svo var nurlað af mjólk-

urpeningunum. Þyrftu helst að spila um hverja helgi til að endar næðu saman.“

Hvort mjólkurpeningaskortur hafði áhrif á þá ákvörðun að leggja Sökkabandið af um 1985 skal ósagt látið, en víst er að það markaði spor sín í tónlistarsögun á þessum þriggja ára líftíma. Nú er hins vegar bara að bíða og sjá hvort endurkoman á Aldrei fór ég suður vekur jafn mikla

athygli og bandið gerði á blómaskeiði sínu.

Eygló segir þær stöllur hins vegar ekki hafa lagt á ráðin um framtíð Sökkabandsins að gígginu á Aldrei fór ég suður loknu. „Við einbeitem okkur bara að þessu verkefni og höfum ekki hugsað lengra. Við erum allar staðráðnar í því að hafa þetta rosalega skemmtilegt og njóta augnabliksins í botn,“ segir hún.



10% verðmunur á umfelgun á Ísafirði

Vorvertíðin er á næsta leyti hjá dekkjaverkstæðum landsins og ef marka má könnun ASÍ, borgar sig að gera verðkönnun áður en ný dekk eru sett undir bílinn. Samkvæmt könnuninni er töluverður verðmunur á milli dekkjaverkstæða. Mestur var verðmunurinn á þjónustu við dekkjaskipti á meðal bíl með 16 tommu álfelgum. Ódýrust var þjónustan hjá KvikkFix í Kópavogi, 4.650 krónur, en dýrust hjá

Kletti í Reykjavík, 8.149 krónur. Verðmunurinn er 3.499 krónur eða 75%. Á Ísafirði er tvö dekkjaverkstæði sem bæði er til húsa við Sindragötu, Bílaverkstæði SB og Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar. Bæði fyrirtækin eru með eina verðskrá fyrir fólksbíla óháð gerð felga og tekur hún til umfelgunar og jafnvægisstillingar.

Verðið er lægst hjá Bílaverkstæði SB og kostar þjónustan þar 5.830 krónur en 6.490 krónur hjá Bílaverkstæði Ísafjarðar og

er verðmunurinn 10%. Meðalverð hjá þeim 36 hjólbarðaverkstæðum sem könnun ASÍ náði til er 6.328 krónur þegar tekið er tillit til allra gerða fólksbíla og felga. Verðið hjá SB er því nokkuð undir meðalverði og verðskrá Hjólbarðaverkstæðisins örlítið yfir meðaltalinu. Hæst var verðið 7.517 krónur og lægsta var það 4.650 krónur. Hjá hvorugum félögum á Ísafirði hefur verðskráin hækkað síðan í haust.

Atvinnurekendur funda um at- vinnumál og ímynd Vestfjarða

Á fjórða tug sóttu fund um stefnumótun í atvinnumálum og ímynd Vestfjarða sem fór fram á Hótel Ísafirði á föstudag. Þar voru saman komnir forsvarsmenn stærstu atvinnurekenda á svæðinu úr hinum ýmsu greinum atvinnulífsins. Tilefni fundarins var stefnumótunarvinna sem atvinnumálanefnd er í þar sem ný

stefna í atvinnumálum er mörkuð í Ísafjarðarbæ. „Við vildum fá viðbrögð atvinnulífsins við þeim hugmyndum sem komið hafa fram og heyra hvað þeim brennur á hjarta. Til að mynda vildum við fá að vita hvernig hugmyndum um styrki til frumkvöðlastarfsemi, bæði nýfrumkvöðlafyrirtæki og ekki síður frumkvöðla-

starfsemi í starfandi fyrirtækum,“ segir Hálfán Bjarki Hálfánsson, upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar og starfsmaður atvinnumálanefndar.

Fundurinn hófst með því að Shiran Þórisson hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða fór yfir vinnu félagsins við stefnumótun í atvinnumálum og síðan fór

Gústaf Gústafsson, markaðsstjóri hjá Markaðsstofu Vestfjarða, yfir ímyndarmál á Vestfjörðunum. „Það gerði hann ekki eingöngu varðandi hvernig eigi að markaðssetja Vestfirði heldur einnig hvernig við sjáum okkur sjálf. Hann sagði nauðsynlegt að Vestfirðingar myndu samræma hvers konar skilaboð við sendum frá okkur. Það væri mikilvægt fyrir byggð á svæðinu,“ segir Hálfán Bjarki.

Hann segir fundinn hafa verið snarpan og gagnlegan. „Menn höfðu ákveðnar skoðanir á stefnumótunarvinnunni en allir virtust

sammála um að mikilvægt væri að menn stæðu fast í fæturnar í hagsmunagæslu gagnvart ríkisvaldinu og stóru punkturnir voru flutningskostnaður og raforkuöryggi. Það eru í sjálflu sér engar nýjar fréttir en það var gott að vita að það séu allir á þeirri línu. Þá voru menn sammála um að frumkvöðlastarfsemi væri mikilvæg en ekki mætti mismuna starfsemi sem er til staðar.“

Það sem kom fram á fundinum var vandlega skrásett og verður notað við áframhaldandi vinnu við stefnumótunina.

– thelma@bb.is



Gústaf Gústafsson, markaðsstofustjóri, Shiran Þórisson hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og Hálfán Bjarki Hálfánsson upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar.

Spurningin

Ertu ánægð(ur) með störf forseta Íslands?

Alls svöruðu 676.

Já sögðu 407 eða 60%

Nei sögðu 174 eða 26%

Hlutlausir voru 95 eða 14%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Sunnan 8-15 m/s og rigning, en yfirleitt þurrt á norðaustanverðu landinu. Hiti víða 6-12 stig. **Horfur á laugardag:** Horfur á stífri suðlægri átt með vætu, en úrkomulítið fyrir norðan. Fremur milt í veðri. **Horfur á sunnudag:** Horfur á stífri suðlægri átt með vætu, en úrkomulítið fyrir norðan. Fremur milt í veðri.

Ritstjórnargrein

Vandi fylgir vegsemd hverri

Hvern hefði órað fyrir því að hugarfóstur þeirra Mugisonfeðga um tónlistarviðburð, rokkhátíð alþýðunnar Aldrei fór ég suður, sem fyrst var efnt til árið 2004, skuli nú er áttunda hátíðin stendur fyrir dyrum, vera talin meðal þriggja áhugaverðustu viðburða heims í apríl! Og þetta er ekki út í bláinn, heldur að mati eins umsvifamesta útgefanda ferðabóka í heiminum, Lonely Planet. Hvorki meira né minna. Hvílíkur heiður þeim feðgum og öðrum er þar hafa komið að verki í gegnum árin til handa.

„Það er í raun algerlega ótrúlegt að hátíðin okkar skuli rata þarna inn,“ voru viðbrögð Jóns Þórs Þorleifssonar, sem nú heldur um stýrisratt rokkstjóra hátíðarinnar. „Þetta hlýtur að vera eðal gæðastimpill á því sem við erum búin að vera að gera miðað við hvað það er mikið í gangi um allan heim í apríl og vonandi að þetta hjálpi okkur við að gera Vestfirði að enn meira spennandi áfangastað fyrir útlendingana.“ Erfitt er að ímynda sér að öllu meiri viðurkenning á hátíðinni, en felst í mati Lonely Planet, sé í boði. Það sýndi sig hversu sterk ítök hátíðin á í íbúum Ísafjarðarbæjar er fiskisagan um að dagar Aldrei fór ég suður kynnu að vera taldir flaug um bæinn. Slíkt kæmi aldrei til. .

En það hangir fleira á spýttunni hjá Lonely Planet. Vestfirðir eru

taldir meðal 10 áhugaverðustu svæða sem í boði eru til að ferðast um. Eftir að hafa farið lofsamlegum orðum um Ísland, þaðan sem ferðamaðurinn snýr aftur „með kringlótt augu og opinmyntur með sögur í fartaskinu“ segir: „En það er annað Ísland: hljóðlætt leyndarmál um landshluta sem litla athygli hefur fengið en hefur í ár vakið hrifningu sem erfitt er að horfa framhjá. Staðurinn er Vestfirðir, skringilega skapaður skagi sem er aðeins tengdur restinni af landinu með mjórri ræmu. Það er eins einangrað og það er stórkostlegt.“

Vestfirðingnum finnst þetta ef til vill engin frétt. Það dugir ekki. Byr ræður þegar sigla skal. Meðbyrinn verður að nýta. Mat Lonely Planet verður að festa í sessi. Tryggja stöðu Vestfjarða sem eins af 10 eftirsóknarverðustu stöðum sem ferðalöngum heimsbyggðarinnar stendur til boða.

*

Bæjarins besta óskar lesendun sínum nær og fjær og landsmönnum öllum gleðilegar páska hátíðir. Gestir Skíðavíku og Aldrei fór ég suður eru boðnir velkomnir til bæjarins með ósk um að þeir eigi hér góðar stundir og fari heim fullir tilhlökkunar um endurkomu.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. · Kristján Torfi Einarsson, sími 456 4560, kte@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**



Átt þú stórafmæli á árinu 2011?

... 20 - 30 - 40 - 50 - 60 - 70 - 80 - 90 - 100 ára ...

Hótel Rangá býður öllum sem eiga stórafmæli
á árinu einstakt afmælistilboð.

Gisting fyrir tvo á aðeins 2011 krónur
á sjálfan afmælisdaginn ef haldið er upp á afmælið
með kvöldverði á veitingastað hótelsins.

Nánari upplýsingar á hotelranga.is/2011



Hótel Rangá | 851 Hella | Sími 487 5700 | Fax 487 5701 | hotelranga@hotelranga.is | www.hotelranga.is

Tímamótaráðstefna:

Íslenska skógarauðlindin Skógur tækifæra



Hvar: Súlnasalur Radisson Blu Hótel Saga.

Hvenær: Fimmtudaginn 28. apríl frá kl. 08:00 til 17:00.

Ráðstefnugjald: Kr. 6.900 sem staðfestist og greiðist við bókun. Skráning er hafin á www.nmi.is.

Innifalið: Fjölbreyttir fyrirlestrar, umræður, hádegisverðarhlaðborð, morgun- og síðdegiskaffi og ráðstefnugögn.

Dagskrá

Fyrri hluti ráðstefnu - Skógarauðlindin: Staða og horfur

Fundarstjóri: Sigríður Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Kl. 08:00 - 09:00 Morgunverður og skráning ráðstefnugesta

Kl. 09:00 - 09:10 Ávarp - Sveinn Þórgímsson, skrifstofustjóri iðnaðarráðuneytis

Kl. 09:10 - 09:40 Á flug inn í framtíðina - Bjarni D. Sigurðsson

Kl. 09:40 - 10:10 Skógarauðlindin í nútíð og framtíð - Arnór Snorrason

Kl. 10:10 - 10:30 Kaffihlé

Kl. 10:30 - 10:50 Skólastarfi í skógi - Ólafur Oddsson

Kl. 10:50 - 11:10 Vangaveltur arkitekts um vistvæni - Halldór Eiríksson

Kl. 11:10 - 11:30 Frá skógi til markaðsvöru - Þróstur Eysteinnsson

Kl. 11:30 - 12:00 Umræður - Björn B. Jónsson sér um að styra umræðum

Kl. 12:00 - 12:45 Hádegisverður

Síðari hluti ráðstefnu - Tvær málstofur í boði:

Málstofa 1 - Vinnsla og viðarmiðun

Fundarstjóri: Einar E. Sæmundsen

12:45 Viðariðnaður - tæki og tækni - Bent-Ólaf Byström

13:35 Skógarstaplan skógarbóndans - Lásur Heiðarsson

13:55 Heill skógur af tækitemum - Þorgerður Hjalti

14:15 Kaffihlé

14:30 Viðarmiðun framtíðarinnar - Loftur Jónsson

15:00 Margt smítt gerir eitt stórt - Guðmundur Magnússon

15:20 Maðurinn á sólinni - Pétur Guðmundsson

Málstofa 2 - Tækifæri og nýsköpun

Fundarstjóri: Sigurður Einarsson

12:45 Skógarferð í nýsköpun - Þorsteinn í Siglússon

13:05 Íslenskt timbur - vistvænn vaxtarþróttur - Guðrún Ingvarsdóttir

13:25 Gæði í viðarmiðun - Eiríkur Þorsteinsson

13:45 Smíðavörur, kastir og gallar - Jón Guðmundsson

14:15 Kaffihlé

14:30 Viður í hönnun - Sígga Helms, iðnhönnuður

15:00 Nýjahlutir úr íslenskum við - Eyjólfur í Epal

Kl. 16:00 - 16:50 Pallborðsumræður - Björn B. Jónsson stýrir umræðum

Kl. 16:50 - 16:55 Myndraen sýn á skóginn og mikilvægi hans

Kl. 16:55 - 17:00 Samantekt og ráðstefnuslit - Hulda Guðmundsdóttir

Virkjum þróun úrvinnslu úr íslenskum skógum!

Nánari upplýsingar og skráning á www.nmi.is.



Millilandaflug milli Ísafjarðar og Grænlands gæti orðið að veruleika innan skamms.

Ekkert að vanbúnaði fyrir millilandaflug

Þingsályktunartillaga þingmanna NV-kjördæmis um millilandaflug til og frá Ísafjarðarflugvelli hefur fengið jákvæðar umsagnir, bæði hjá samgöngunefnd og Vestnorræna ráðinu og er málið nú í höndum innanríkisráðherra. Frumvarpið kveður á um að ráðherrann tryggi að á Ísafjarðarflugvelli verði nægjanlegur tækjabúnaður og aðstaða til að hægt sé að sinna þaðan millilandaflugi til Grænlands.

Þingsályktunin var samþykkt um miðjan síðasta mánuð og fól Alþingi innanríkisráðherra að gera úttekt á kostnaði og að niðurstöður hennar verði kynntar fyrir samgöngunefnd eins fljótt og auðið er.

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar fyrir NV-kjördæmi, segir að ráðuneytinu sé ekkert að vanbúnaði. „Ég treysti því að það gangi fljótt og vel til verka, enda er hér um

ræða mál sem eykur verulega möguleika á auknum samskiptum, samgöngum, vöruflutningum og þjónustu milli Ísafjarðar og Austur-Grænlands. Það er mál sem Vestnorræna ráðið hefur lengi verið mjög fylgjandi,“ segir Ólína. „Það er mikið gleðiefni að þetta skyldi nást í gegn, enda hafa þingmenn kjördæmisins staðið saman í þessu máli eins og einn maður.“

– kte@bb.is

Sumarið er komið í umferð

Sumardekkinn færðu hjá okkur!



Japönsk hágæðadekk

TOYO TIRES



Vönduð dekk á frábæru verði

accelera



Áratuga reynsla á Íslandi

BFGoodrich



Hjólbarðaverkstæði Ísafjarðar
Sindragata 14 - Sími 456 3501
www.bilaverid.is



Dýrð í Apphæðum!

Fermingartilboð í öllum verslunum Vodafone

Stórsnjallir símar á frábæru verði, auk úrvals framúrskarandi fermingargjafa.

Prófaðu nýjustu tæknina og sjáðu framtíðina með þínum eigin augum. Láttu ekki app úr hendi sleppa.



Nokia C5-03

200 MB
á mán. fylgir
með í 6 mán.

2
bíómiðar
í Sambíólin
fylgja
á meðan biðgír endast

3.333 kr.
á mán. í 12 mán.
Fullt verð: 39.990 kr.

power to you



Vertinn í Einarshúsi

Ragna Jóhanna Magnúsdóttir tekur á móti blaðamanni í veitingasalnum í Einarshúsi í Bolungarvík. Vindurinn sem gnauðar fyrir utan etur kappi við óhljóð sem berast af efri hæðinni, en þar eru framkvæmdir í fullum gangi. Ný gistirými eru þar óðum að verða til og verða tekin í notkun innan tíðar. Ragna segir hér frá átakanlegri sögu hússins sem heillaði þau hjónin upp úr skónum, áhuga sínum á menningartengdri ferðapjónustu og ákvörðuninni um að segja skilið við Bakkus fyrir sex árum síðan.

Aðkomumaðurinn meiri Vestfirðingur

Ófáir hafa lagt leið sína í Einarshús á síðustu misserum, eða frá því að vertinn Ragna lauk þar upp dyrum. Flestir á svæðinu vissu reyndar áður hvert húsið væri, eins og Ragna sjálf, enda er hún fædd og uppalin í Bolungarvíkinni.

„Ég er bara sjómansdóttir úr Bolungarvík, dóttir hjónanna Magnúsar Ragnarssonar og Elsu Árnadóttur. Ég er svo heppin að þau eru enn á lífi og búa hérna á æskustöðvunum mínum,“ segir Ragna, sem verið hefur mestum parti ævi sinnar í Bolungarvík. „Ég hef alið manninn hérna allar götur frá upphafi, fyrir utan þau tvö ár sem ég var í Reykjavík. Ég fór þangað aðallega til þess að ná í manninn minn,“ segir hún og hlær við.

Eiginmaður Rögnu heitir Jón Bjarni Geirsson, er húsgagnasmiður að mennt og á svo til allan heiður af þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað bæði innan- og utandyra í Einarshúsi frá því að hjónin festu kaup á byggingunni.

„Hann er held ég orðinn meiri Vestfirðingur en ég,“ segir Ragna. „Við ætluðum bara að búa hérna í tvö ár. Við komum hingað með strákinn okkar pínulítinn og fórum svo aftur suður. Hann kunni þá svo illa við sig fyrir sunnan að við komum bara aftur, alkomin um áramótin 1989. Hann vildi hvergi annars staðar vera en hér. Hann fékk fljótlega vinnu í lögreglunni á Ísafirði og hefur verið þar allar götur síðan,“ útskýrir Ragna.

Sjálf segist hún aðallega hafa starfað við að eiga börnin sín þrjú, fyrstu árin eftir endurkomuna. „Elsti strákurinn minn, Andri, er tuttugu og fimm ára, flugmaður og flugkennari í Reykjavík. Hann hefur verið með flugdellu alveg frá því að hann

var lítill og er núna að klára þetta. Hann dúxaði í prófunum sínum og fer vonandi að kenna hjá Flugskóla Íslands innan tíðar,“ segir hún stolt. „Þeir segja það gárungarnir að hann hafi allar gáfurnar frá mömmu sinni, því pabbi hans er enn með allar sínar,“ bætir hún brosandí við.

„Svo á ég Elsu, tutugu og tveggja ára, sem er núna au pair í Svíþjóð. Hún er að passa börn á hestabúgarði og lifir þar eins og blómi í eggi. Elsa stefnir á nám og störf innan lögreglunnar. Litla stelpa mín, Lilja, er að verða sautján ára, einkar lífleg og músikölsk, og er hérna hjá okkur ennþá,“ segir hún frá.

Vildu bjarga húsinu

Þegar börnin þrjú voru komin í heiminn hóf Ragna störf í rækjuverksmiðjunni, þar sem hún starfaði við þríf í níu ár. „Ég hætti þegar ég gat það eiginlega ekki lengur, þetta var þrælarpúl. Þá, fyrir sex árum síðan, kallaði þetta hús einhvern veginn á okkur hjónin, og líf okkar beggja hefur eiginlega snúist um það síðan!“ segir Ragna. „Litla dóttir mín, sem var ellefu ára þegar við tókum húsið að okkur, vill eiginlega meina að húsið hafi stolið okkur frá henni. Allt í einu fórum við að sinna henni minna,“ segir hún og brosir út í annað. „En hún er nú að taka húsið í sátt og vinnur hjá mér á sumrin,“ bætir hún við.

Þegar þau hjón keyptu Einarshús var það hins vegar alls ekki með það fyrir augum að leggjast í rekstur veitingahúss og ferðapjónustu, eins og raunin hefur orðið.

„Við sáum það alls ekki fyrir. Maðurinn minn vildi bara taka þetta hús að sér. Honum fannst svo sorglegt hvernig hefði farið fyrir öllum gömlu húsunum hérna í plássinu,“ segir Ragna. „Hér við Hafnargötuna, til dæmis, var búið í um áttatíu búðum í gamla daga, en þær hafa að mestu leyti verið rifnar. Honum fannst þetta svo reisulegt hús, með alla þessa sögu, að honum fannst bara ságrætilegt að taka það ekki að sér,“ útskýrir hún.

„Við létum bara slag standa. Við vissum ekkert hvað við ætluðum að gera og vorum jafnvel að hugsa um að flytja einhvern tíma í það. Svo kviknaði þetta allt af sjálfu sér. Fyrst gerðum við krá í kjallaranum og svo veitingastaðinn hérna uppi. Það leiddi bara eitt af öðru, eins og einhver héldi í hendina á manni,“ segir Ragna frá.

Hjónin skrifuðu undir kaup-

samning 1. apríl 2004 og þar með hófst hið langa og strembna verkefni að gera húsið upp. Ragna komst hins vegar að því síðar að dagsetningin tengist sögu hússins sterkum böndum, en hún hefur víðað að sér miklum upplýsingum um húsið sjálft og fyrri eigendur.

Saga harma og hamingju

„Ég komst að því eftir á að 1. apríl er stór liður í sögu þessa húss. Bækur hafa verið skrifaðar um báða athafnamennina sem bjuggu hérna, Pétur Oddsson sem byggði húsið upphaflega og Einar Guðfinnsson. Í báðum bókum kemur 1. apríl fyrir. Þess er getið í Brimgný, bók Jóhanns Bárðarsonar, ævisögu Péturs, að Pétur Oddsson hafi veikst að kvöldi 1. apríl og látist daginn eftir. Einar Guðfinnsson flutti hins vegar hingað inn með fjölskyldu sinni 1. apríl 1935,“ segir Ragna.

Þó að hún hafi vitað af Einarshúsi alla sína tíð segist hún ekki hafakynnt sér sögu þess almennilega fyrr en hún tók við húsinu. Þar er að finna bæði grátlega og öllu blíðlegri örlagasögu.

„Sagan er eiginlega tvískipt milli harma og hamingju. Pétur Oddsson og Guðný Bjarnadóttir létu byggja þetta hús árið 1902 og fluttu hingað árið 1904. Hann var mikill útgerðarmaður hérna, vel efnaður og var um tíma talinn einn ríkasti maður landsins. Hann flutti hingað með fjölskylduna sína. Svo missti hann nánast alla fjölskylduna sína hér í húsinu. Hann missti öll börnin sín úr berklum, fyrir utan eina dóttur sem dó úr spönsku veikinni. Svo létust tengdabörn og barnabörn og vinnuhjú líka. Ólafur Helgi, elsti sonur hans, lést fyrst, árið 1907 og Helga dóttir hans deyr síðust, árið 1930. Hún var þá fjórtánda líkið sem hann fylgdi til grafar frá þessu húsi á tuttugu og þremur árum,“ segir Ragna frá.

„Þegar þar var komið sögu var hann náttúrulega uppgefinn. Aðstæður í sjávarútvegi og hans rekstri voru líka þannig að hann var orðinn slyppur og snauður. Eftir hans dag eignaðist Landsbankinn húsið. Bankinn lét taka öll húsgögn og allan húsbúnað út úr því og bauð hann upp, bara hérna úti á götu. Eftir það stóð húsið autt í einhvern tíma,“ útskýrir Ragna.

Landsbankinn lagði nokkrum árum síðar hart að Einari Guðfinnssyni að flytja í húsið. „Hann var þá að byggja upp sitt stórveldi

hérna í þorpinu. Hann var tregur til að flytja inn og talaði fyrst við lækni, Vilmund Jónsson, sem síðar varð landlæknir. Einar var svo hræddur um að berklarnir myndu lifa í húsinu. Vilmundur ráðlagði honum að láta bræla húsið út og sótthreinsa það. Það var gert, húsið var sótthreinsað, málað, dúklagt og veggfóðrað og sett í það rennandi vatn. Einar flutti svo inn með sína fjölskyldu 1. apríl 1935. Hann bjó hér með sinni fjölskyldu í rúm þrjátíu ár og átti hér mjög góða ævi. Honum leið mjög vel hérna,“ segir Ragna frá.

„Það er reyndar rétt að taka það fram að í húsinu var alltaf líka verslunarhúsnæði og fleira, en fjölskyldan bjó á efri hæðinni. Eftir að verslunin lagðist af var hérna hins vegar verbúð. Málariinn Alain Garrabé var með aðstöðu hérna en að öðru leyti var þetta bara verbúðarhúsnæði áður en við tókum við því. Þá var það í hroðalegu ásigkomulagi og mikilli niðurníðslu. Hins vegar hefur það eflaust bjargað húsinu að hér var verbúð – það var þá alltaf hiti á því og fólk í því. Þó hafi verið búið að forskala húsið að utan og rífa niður eitthvað af upphaflegum innviðum var það í rauninni merkilega vel farið,“ útskýrir Ragna.

Vinnur að gerð sögusýningar

Frá því að Ragna fór að kynna sér sögu hússins hefur hún verið heilluð af henni, eins og aðrir sem hana heyra.

„Ég hef reynt að halda þessari sögu á lofti eins og ég hef getað. Mér finnst hún svo merkileg. Ég lét til dæmis gera einleik um sögu hússins, sem heitir Pétur og Einar. Hann var fluttur hérna reglulega í þrjú sumur, en við ætlum að taka okkur frí í sumar nema hópabíðji sérstaklega um hann,“ útskýrir hún. „Ég hef líka sagt hópum þessa sögu, sem koma hingað í svona menningartengdri ferðapjónustu. Fólk verður eiginlega alveg agndofa. Ég hitti einn núna um daginn sem sagði – ég var eiginlega bara farinn að gráta!“ segir hún og brosir við. „Þessi saga er eiginlega það minnisstæðasta sem fólk fer með með sér héðan út. Það gleymir henni ekki,“ segir Ragna, sem vinnur nú einnig að gerð sögusýningar um íbúa hússins.

„Ég hef verið að safna myndum af vinnukonum og starfsfólki sem hefur verið hér, þó það séu náttúrulega svo margir að ég næ aldrei að halda utan um þá alla.

Þær myndir verða á efri hæðinni og hérna niðri verða svo myndir af fjölskyldunni og texti sem ég skrifa í tengslum það. Niðri í kjallara verða hins vegar myndir af bátum og fólki að vinna við höfnina,“ segir hún frá.

Ragna hefur sjálf safnað hundruð mynda, en nýtur aðstoðar Ninu Ivanovu og Ómars Smára Kristinssonar sem sjá um hönnun sýningarinnar. „Þau eru algjörir snillingar og frábært að vinna með þeim. Ég sótti um og fékk styrk frá Menningarráði Vestfjarða fyrir tveimur árum og nú ætlum við að reyna að klára þetta. Ég geri mér vonir um að einhver hluti verði að minnsta kosti tilbúinn nú í sumar, þá verður hægt að sjá sögu hússins hérna á veggjunum,“ segir Ragna.

Mörg hundruð kítis-túbur í veggjunum

Það vita það allir sem tekist hafa á hendur viðlíka verkefni og að gera upp heilt timburhús að gengið getur á ýmsu í því ferli. Ragna segir þau hjón enda oft vera að því komin að leggja árar í bát.

„Ég er eiginlega alveg hissa á því hvað hann er búinn að halda þetta út!“ segir hún og hlær við. „Núna þegar maður er alveg að ná markinu virðist líka svo ótrúlega langt í það. Þetta virðist aldrei ætla að taka enda,“ bætir hún við.

„Það er ansi mikil vinna að gera upp svona timburhús, ef maður ætlar að gera það vel – leyfa því gamla að njóta sín og halda í gamla panelinn, til dæmis. Það er ansi mikið verk. Við höfum verið að rífa upp alls konar gólfefni og veggfóður, smíða nýja glugga, færa veggi í upp-runalegt horf, laga panelinn... Við þurfum að kítta hann allan. Ég held að bara uppi hafi farið um tvö hundruð kítistúbur í að þetta panelinn,“ segir Ragna og brosir. Þau hafa hins vegar meðal annars notið stuðnings Húsafriðunarnefndar og fjárlaganefndar, sem Ragna pantaði hreinlega fund með í upphafi verkefnisins.

„Maður fær ekkert upp í hendurnar öðruvísi en að bera sig eftir því. Þegar við vorum að byrja fór ég með umsóknina mína sem ég lagði fyrir fjárlaganefnd, beint inn á Alþingi. Ég fékk bara fund með alþingismönnum sem máli skiptu, við sátum þarna við hringborð og ég sagði þeim frá því sem ég væri að gera og að þeir bara yrðu að hjálpa mér – þetta væri svo skemmtilegt verkefni. Og það skilaði sér bara ljómandi vel!“ segir hún og hlær við.



Þau hafa sankað að sér alls kyns munum sem hæfa rýminu og vandað til verka við að skapa stemningu liðins tíma. Þar fyrir utan hafa þau gert bakgarð hússins hinn glæsilegasta og þar iðaði allt af lífi í fyrirasumar, að sögn Rögnu, sem hefur verið dugleg í að standa fyrir ýmiss konar uppákomum í Einarshúsi.

„Þar var ég með útiveitingar og svo held ég þar tónlistarhátíðina Þorskinn, með verður haldin í þriðja skipti á sjómannadagshelginni. Allir sem koma fram fá eina öskju af þorski sem er framleiddur hjérna hjá Jakobi Valgeiri að launum,“ útskýrir hún og brosir. „Það eru fjölmargir aðilar sem styrkja hátíðina. Vífilfell og sparisdjódurinn hafa ákveðið að styrkja hana núna og svo leita ég bara til heimamanna um að koma og láta ljós sitt skína. Það þarf sko ekki að leita langt eða lengi til að finna þá,“ segir hún.

„Ég hef reynt að vera dugleg í að standa fyrir alls konar viðburðum, en ég verð líka þreytt á því inn á milli. Ég dala stundum og svo lifnar yfir mér aftur. En ég vil reyna að gera sem mest, ég vil að þetta hús sé fullt af lífi,“ segir Ragna.

Fann sköpunarkraftinn í meðferð

Ragna heldur úti blogginu vertinn.blog.is og hefur sömu leiðis verið fréttaritari á vefnum Víkari.is, þó hún segist hafa dregið sig aðeins í hlé á síðustu misserum eftir því sem verkefnin í Einarshúsi hafa aukist. Hún var að auki bæjarfulltrúi í átta ár og forseti bæjarstjórnar í tvö ár. Þeim tíma er hins vegar lokið.

„Mér hugnast pólitík ekkert lengur. Sá pakki er bara búinn. Það er líka til nóg af fólki til að taka við - það er ekki hægt að hafa alltaf sama fólkið þarna,“ segir Ragna. „Mér finnst hins vegar voðalega gaman að skrifa, sérstaklega einhverja vitleysu. Það er til dæmis ekkert að marka bloggði mitt!“ segir hún og hlær við.

Skrifin og aðra skapandi iðju fór hún hins vegar ekki að stunda af viti fyrr en fyrir um fimm árum síðan.

„Ég hætti að drekka og fór í meðferð og þá fann ég einhvern veginn þörf fyrir að setja hugleiðingar mínar á blað. Svo hefur það dalað aðeins í seinni tíð og annað komið í staðinn - en ég læt Bakkus alveg í friði fyrir því. Það er pakki sem er búinn líka,“ segir Ragna brosandí.

Hún hefur alltaf verið ófeimin að ræða þá ákvörðun sína að fara í meðferð. „Mér hefur aldrei þótt það neitt leyndarmál. Það var ákvörðun sem ég tók ein með sjálfri mér. Mér fannst ég ekki hafa næga stjórn á mínu lífi og ég valdi að fara í meðferð. Það

kom eiginlega öllum sem ég þekkti á óvart - að ég vildi fara þessa leið. En ég gerði það og sé ekkert eftir því,“ segir Ragna, sem segist búa vel að því sem hún fékk út úr meðferðinni, þó hún hafi sjaldan sótt fundi eða fylgt tölfsporakerfinu.

„Mér fannst aðallega merkilegt að heyra í fólki sem hafði sömu eða svipaða sögu að segja og ég, þó að ég hafi ekki verið neitt sérlega langt leidd, miðað við marga aðra. En það er einu sinni þannig að hver hefur sinn botn og ég þurfti ekki að fara neðar en þetta til að finna það að þetta var komið gott,“ segir Ragna. „Mér fannst líka gott að læra inn á hvernig líkaminn og hugurinn hegðar sér. Maður getur orðið svo reiður og bitur og gert sér upp alls konar leiðinlegar hugsanir, sem róast svo allar með einum sopa. Ég lærði það í meðferðinni að þegar ég fer að verða svona óróleg, leiðinleg og pirruð, þarf ég aðeins að hugsa minn gang. Ég veit að minnsta kosti frekar hvað ég á að varast núna og hvaða leiðir mér ber að fara til að ná mér aftur á beinu brautina,“ bætir hún við.

Starf Rögnu, eftir að kráin í kjallara Einarshúss opnaði, samræmist ekki endilega áfengisbindindi. „Sumum þótti það voðalega skrítið að ég gæti verið edruð og verið að vinna svona lengi á barnum,“ segir Ragna, sem finnst þetta tvennt þó fara ágætlega saman.

„Það er auðvitað ýmislegt sem fylgir því þegar maður hættir að drekka. Maður laðast kannski ekkert að samkomum þar sem fólk er að hafa vín um hönd. Mér finnst allt öðruvísi að vera að vinna. Þá er ég bara að vinna! Að sitja í hópi sem er að drekka finnst mér ekkert endilega þægilegt. Mér finnst ómögulegt ef ég er í þannig aðstæðum að hafa ekkert fyrir stafni. Þá hef ég oft með mér myndavél og fer að taka myndir - þá hef ég eitthvað að gera,“ segir hún og brosir.

„Ég er mjög sáttt við að hafa hætt að drekka og held að ég stæði ekki hér í dag ef ég hefði ekki gert það. Ég fann bara að það átti ekki við mig lengur og ég þurfti einhverju að breyta. Það var þetta og það hefur gengið vel. Ég er samt engin fanatíkus og finnst gaman að hafa fólk í kringum mig, þó það sé undir áhrifum. Ég hef valið að halda sjálfri mér utan við þetta, en ég er alls ekki að fordæma fólk sem drekkur - það verður hver að fara sína leið. Og ég valdi þetta,“ segir Ragna ákveðin. „Ég er reyndar löngu hætt að hugsa um það, þetta er bara svona,“ bætir hún við.

Gælir við sagnfræðinám

Samhliða uppbyggingu Einarshúss hefur Ragna vart haft tíma í önnur hugðarefni en skrift-



ir. „Það er eiginlega það sem heillar mig mest núna. Mér finnst gaman að skrifa. Og mér finnst alveg sérstaklega gaman að vinna að þessari sögusýningu. Ég hugsa stundum að ég ætti kannski bara að fara að læra sagnfræði. Mér finnst sérlega gaman að grúska í bókum, safna myndum og skrifa texta við myndir,“ segir Ragna. „Ég er líka aðeins byrjuð að skrifa söguna hans pabba. Hann er að verða 88 ára og man allt eins og það hafi gerst í gær. Ég hef nú ekki gefið mér nógan tíma í það. Á tímabili orti ég líka töluvert og fannst það líka mjög gaman. Ég hef bara ekki verið í því stuði undanfarin misseri,“ segir hún frá.

Henni finnst enda skipta máli að hlúa að sögunni og halda henni á lofti. „Það skiptir máli í svona bæ, svo sagan koðni ekki bara niður og húsín séu rifin. Þá tapast sálin úr bænum,“ segir Ragna, sem harmar að svo hafi farið fyrir mörgum húsum í Bolungarvík.

„Á Ísafirði hefur gamla bæjar-

myndin til dæmis varðveist vel, en hér hefur einhvern veginn allt verið tekið niður. Það er svo skrítið. Það er greinilega ekki nægur áhugi fyrir því að varðveita söguna. Húsín hafa verið tekin niður til að byggja steinsteypuklumpa fyrir nýja starfsemi, en manni finnst nú að þetta tvennt þurfi ekki endilega að útloka hvort annað. En það virðist hafa verið sjónarmiðið í einhverja áratugi. Það eru bara örfá hús sem standa eftir og hafa verið löguð,“ segir Ragna.

Þrátt fyrir að ferðalagið sem þau hjón lögðu upp í með Einarshúsi hafi verið erfitt er hún ánægð með að þau tókust það á hendur. „Við erum þó búin að bjarga þessu húsi. Það getur staðið svona næstu hundrað ár, vonandi, og er bæjarfélaginu nokkuð til sóma, held ég,“ segir hún. „En við hefðum náttúrulega aldrei farið út í þessa uppbyggingu ef Jón Bjarni hefði ekki getað gert þetta allt sjálfur. Hann veltir hverri einustu fjöl fyrir sér og nýtir allt. Svo smíðar hann allt

sem þarf, hurðir og glugga og hillur og annað. Ef við hefðum séð alla þessa vinnu fyrir okkur fyrir sex árum hefðum við aldrei farið út í þetta!“ segir hún og skellir upp úr. „En svona er þetta - maður verður bara að stökkva út í djúpu laugina og svo er ekkert annað í stöðunni en að ná landi. Og við sjáum glitta í bakkann núna,“ segir Ragna.

Gefur húsið aldrei upp á bátinn

Nú þegar þau Ragna og Jón Bjarni eygja takmarkið og Einarshús verður komið í fullan rekstur í vor er ekki úr vegi að spyrja hvort þau hafi hugað að næsta verkefni.

„Maður er náttúrulega alltaf með eitthvað í huga,“ segir Ragna brosandí. „Maður verður háður svona verkefnum og mannum mínum finnst þetta svakalega skemmtilegt,“ segir hún og hallar undir flatt.

„Það er sko annað hús við sjávarsíðuna... Við erum svona aðeins að hugsa um það,“ segir hún og hlær við. „En ef af því verkefni verður, verður það nú ekki gert upp með sama hætti og þetta. Það bíður þolinmótt og horfir til hafs, það hús. Ég held nú samt að við hvílum okkur kannski aðeins og tökum smá frí,“ segir hún og brosir við.

Það var aldrei ætlun Rögnu að demba sér í ferðaþjónustu, þó að svo hafi orðið með tilkomu Einarshúss. „Fyrir utan reksturinn hér er ég líka í stjórn Ferðamálasamtaka Vestfjarða sem mér finnst mjög skemmtilegt,“ segir Ragna. „Ég held að við hér í Bolungarvík getum verið mjög bjartsýn varðandi ferðaþjónustu. Ég held það verði mikið um að vera hér á sumrin og það er þegar farið að gerast. Ég er ánægð með það, enda vil ég að hér sé iðandi líf á sumrin. Ég held að framtíð Bolungarvíkur sé björt,“ segir Ragna, sem veltir vöngum þegar blaðamaður spyr hvort þau hjón séu þá harðákveðin í að fara aldrei frá Bolungarvík.

„Aldrei að segja aldrei. Það veit enginn sína ævina fyrr en öll er. Maður verður náttúrulega alltaf hérna á sumrin, en hver veit hvað verður annað. Það væri svo sem voðalega gott að geta verið á Kanarí á veturna og komið hingað á sumrin,“ segir hún og brosir. „En ég sleppi þessum rekstri ekkert, og frekar sel ég mitt eigið hús en að láta þetta!“ bætir hún við.

Þar fyrir utan hyggst hún láta framtíðina ráðast. „Lífið leiðir mann bara einhvern veginn áfram. Það er eins og það sé búið að ákveða það fyrir mann, finna manni farveg sem maður á gott með að fylgja ef maður stendur sig. Ef maður fylgir þeim fótspor-um eru manni allir vegir færir,“ segir Ragna að lokum.

2,7 milljarða króna skuld Sparisjóðs Bolungarvíkur afskrifuð

Fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðs Bolungarvíkur lauk í september á síðasta ári en vinna við hana hófst tveimur árum fyrr eða í október 2008. Samkvæmt ársreikningi síðasta starfsárs sem samþykktur var 18. mars síðastliðinn nam eftirgjöf skulda sjóðsins 2.709 milljónum króna. Skuldaeftirgjöfin er færð inn sem tekjur í rekstrarreikningi bankans og er heildarafkoma hans fyrir skatta þá jákvæð upp á 2.342 milljónir

króna. Afkoman fyrir eftirgjöfina er hins vegar neikvæð upp á rúm- ar 360 milljónir króna. Árið 2009 nam tap sjóðsins rúmum 2,6 milljörðum króna. Hagnaður ársins 2010 eftir skatta er 1.932 milljónir króna. Fyrir utan eftirgjöf skulda munar mestu um að virðisrýrnun eigna á síðasta ári er töluvert minni en árið 2009 eða 468 milljónir samanborið við 2.103 milljónir árið 2009.

Samkvæmt efnahagsreikningi

nema eignir Sparisjóðsins 5.167 milljónum króna og er bókfært eigið fé í árslok 538 milljónir króna. Árið 2009 voru eignir sjóðsins hins vegar metnar á 6.846 milljónir króna. Eiginfjárhlutfall var 16,2% en sambærilegt hlutfall árið 2009 var neikvætt um 48,7%. Skuldir sjóðsins voru 4.629 milljónir í lok síðasta árs en árið 2009 námu þær 8.875 milljónum króna. Stærsta eign sjóðsins er fólgin í útlánunum og kröf-

um upp á 3.335 milljónir króna en árið 2009 námu útláni 3.788 milljónum króna. Stærsti hluti útlánasjóðsins er til einstaklinga og íbúðabygginga eða nær 40% af heildarútlánunum. Árið 2009 voru sjávarútvegsfyrirtæki stærsti lántakandi sjóðsins með 44% af útlánasafninu en á síðasta ári nam hlutfall þeirra 32%. Endalega töpuð útlán og kröfur námu 460 milljónum króna á síðasta ári.

Í skýringum ársreikningsins

segir að í lok árs 2010 hafi ekki tekist að vinda ofan af afleiðingum efnahagshrunsins sem meðal annars leiddu af sér miklar hækk- anir útlána þó sérstaklega gengis- tryggðra útlána. Fyrirtækjum og einstaklingum bjóðist nú úrræði til skuldaaðlögunar en ekki liggur fyrir hver áhrif úrræðanna verða á útlánasafn sjóðsins. Vegna þess- ara óvenjulegu aðstæðna ríkir óvissa um mat útlána sjóðsins.

– kte@bb.is

Miklar breytingar á stjórn sparisjóðsins

Miklar breytingar voru gerðar á stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur á aðalfundi sjóðsins sem hald- inn var undir lok síðustu viku. Aðeins einn stjórnarmaður situr áfram, Stefánía Birgisdóttir, sem situr sem fulltrúi stofnfjáreig- enda. Nýr stjórnarformaður Sparisjóðs Bolungarvíkur er Ragnar Birgisson, rekstrarhag- fræðingur í Garðabæ. Aðrir í stjórn eru Þorgeir Pálsson, fyrrv. framkvæmdastjóri Atvinnuþró- unarfélags Vestfjarða, Sigrún E. Smáradóttir markaðsstjóri og Anna S. Jörundsdóttir í Bolung- arvík. Nýju stjórnarmennirnir eru allir fulltrúar Bankasýslu ríkisins sem á 90,95% hlut í sparisjóð- um.

Ragnar Birgisson, stjórnarfor- maður, segir of snemmt að segja til um hvort miklar breytingar

muni eiga sér stað í rekstri sjóðs- ins í kjölfar stjórnarskiptanna. „Nýir stjórnarmenn eru nú að kynna sér starfsemi sjóðsins, bæði með því að lesa ársreik- ninga og í samræðum við heima- menn. Það liggur hins vegar fyrir að töluvert óvissa ríkir um spar- isjóðskerfið og það er ekki enn er búið að mynda stefnu fyrir sjóð- ina til framtíðar. Nú er nefnd að störfum á vegum ríkisins sem á að skila af sér niðurstöðum fyrir páska um hvaða leiðir koma til greina fyrir sparisjóðskerfið. Undanfarið hafa miklar svipting- ar átt sér stað hjá sparisjóðunum; það er búið að leggja Sparisjóð Keflavíkur niður og Byr er orðið að hlutafélagi þannig nú eru ekki nema um tíu sparisjóðir eftir og af þeim eru þrír í eigu Arion banka. Stjórnin verður því að bíða og



sjá hver framtíðarskipan Spari- sjóðakerfisins verður áður en hún ákveður hvaða leið er best fyrir Sparisjóð Bolungarvíkur,” segir Ragnar.

Uppi hafa verið getgátur um að skipta eigi um sparisjóðsstjóra í kjölfar breytinga á eignarfyrir- komulagi og stjórn sjóðsins. Ás- geir Sólbergsson, núverandi

sparisjóðsstjóri og Ragnar Birgis- son þvertaka fyrir að slíka breyt- ingar séu í farvatninu. Ásgeir Sól- bergsson á sæti í vinnuhópi ríkisins um framtíð sparisjóð- anna. „Nefndin mun leggja fram nokkrar tillögur um hvaða leiðir eru mögulegar fyrir sparisjóðina. Starf nefndarinnar hefur tafist enda málið töluvert flókið með-

ferðar, en niðurstöður verða væntanlega kynntar fyrir næstu mánaðarmót,” segir Ásgeir sem jafnframt kveðst vera bjartsýnn fyrir hönd sparisjóðanna. „Það er grundvöllur fyrir smærri fjár- málafélagum ef þær sníða sér stakk eftir vexti og aðlagast að breyttu umhverfi.“

– kte@bb.is

Hollvinasamtök stofnuð vegna endurbyggingar Maríu Júlíu

Í bígerð er stofnun hollvina- samtaka um endurbyggingu björgunarskipisins Maríu Júlíu. Þá er í undirbúningi að hrinda úr vör fjáröflun til að halda áfram uppbyggingu skipsins. Fram kemur í fundargerð stjórnar Minjasafns Egils Ólafssonar að Þorgeir Pálsson, fyrrum fram- kvæmdastjóri Atvinnuþróunar- félags Vestfjarða, hafi tekið að sér að halda utan um fjáröflun- ina sem og stofnun samtak- anna, safninu að kostnaðar- lausu. Verkefnið verður unnið í nánú samstarfi við eigendur skipsins sem eru Bygðasafn

Vestfjarða og Minjasafn Egils Ólafssonar að Hnjóti. Í fyrstu verður leitað til sjávarútvegs- ráðuneytisins eftir fjárstuðningi. Í framhaldi af stofnun hollvina- samtakanna, verður málið kynnt í fjölmiðlum og leitað til Vest- firðinga allra, sem og annarra landsmanna.

„Það er von þeirra sem að þessu standa að erindinu verði vel tekið og að með þessu átaki verði hægt að halda áfram upp- byggingu þessa sögufræga skips. Framtíðarsýn aðstandenda er að María Júlía sigli í framtíðinni aftur um Vestfirði með þeim

virðuleik og sóma sem skipið á skilið,” segir í bókun fundarins. María Júlía á sér glæsta sögu sem björgunarskip Vestfirðinga, en ekki síður úr landhelgisstríð- inu 1958 sem einn af varðbátun- um í baráttu um yfirráð Íslen- dinga yfir fiskinum í sjónum í kringum landið. Skipið var síðan notað sem hafrannsóknarskip á milli stríða og björgunaraðgerða. Skipið er nátengt sögu Vestfir- ðinga. Það er 137 brúttósmálestir að stærð og 27,5 m að lengd, smíðað í Danmörku og kom hing- að til lands snemma vors 1950. Auk þess að vera útbúið til björg-



María Júlía.

unarstarfa var það hannað til að gegna fjölbáttu hlutverki á sviði

hafrannsókn og strandgæslu. – thelma@bb.is

Jens sæmdur heiðurskrossi

Jens Kristmannsson, íþróttافرömuður frá Ísafirði og fyrrum stjórnaður í Íþróttasambands Íslands, var sæmdur heiðurskrossi ÍSÍ fyrir mikið og framúrskarandi framlag til íþróttahreyfingarinnar á 70. íþróttapingi ÍSÍ sem haldið var fyrir stuttu.

Jens hefur unnið gríðalega mikið og gott starf fyrir íþróttahreyfinguna í Ísafjarðarbæ meðal annars fyrir Hörð og ÍBÍ. Jens sat einnig í stjórn ÍSÍ. Óskum við Jens innilega til hamingju með víðurkenninguna. 70. Íþróttaping ÍSÍ var haldið í Gullhörmum Grafarholti. Alls áttu 188 rétt til setu á þinginu, 94 frá sersamböndum ÍSÍ og 94 frá héraðssamböndum og íþróttabandalögum. Að auki eru fjórir fulltrúar úr röðum íþróttafólks. Þingforsetar voru Daniel Jakobsson bæjarstjóri á Ísafirði og Steinn Halldórsson starfsmaður ÍBR. Frá þessu var greint á vef Héraðssambands Vestfirðinga.



Sjaldgæfur flækingur náðist

Áhöfnin á togaranum Gunnbirni ÍS fékk óvenjulegan gest um borð er skipið var að veiðum í síðustu viku norður af landinu. Skipverjar fenguðu gestinn og færðu til hafnar á Ísafirði. Hann reyndist vera sjaldgæfur flækingur, Skeggberna, sem er sjófugl af þernuætt. Á vef Náttúrustofu Vestfjarða segir að Skeggberna hafa einungis tvisvar sést áður hér við land. Fuglinn er líkur kríu og verpir í Evrópu. Um er að ræða farfugl sem flýgur til Vestur Afríku yfir veturinn. Skeggbernunni var gefin loðna að borða og síðan slepptu starfsmenn Náttúrustofu Vestfjarða henni og sást hún fljúga í átt að höfninni í Bolungarvík.



Siggi Bjartar ÍS aflahæstur

Siggi Bjartar ÍS frá Bolungarvík var aflahæsti smábáturinn undir 10 brúttótonnum í mars. Samtals kom Siggi Bjartar með rúm 40 tonn að landi í 14 veiðiferðum en brælutíð gerði það að verkum að smábátar réru ekki stíft þennan mánuðinn. Þrír aðrir vestfirskir bátar eru í efstu tíu sætum listans. Njörður BA frá Tálknafirði var í 5. sæti með 28,5 tonn eftir sex róðra, Blossi ÍS frá Flateyri var sjötti með 26,5 tonn í níu róðrum. Björg Hauks ÍS var í sjöunda sæti með 25,2 tonn.

Aldrei gítarneglur í sölu

Sérstakar Aldrei fór ég suður gítarneglur fóru í sölu í síðustu viku ásamt öðrum varningi sem merktur er hátíðinni. Allar vörur á vegum Aldrei fór ég suður verða seldar í Bókhöðunni á Ísafirði. Svokallaður sölubarnshópur hátíðarinnar stendur að framleiðslu varanna og segir á heimasíðunni aldrei.is að hópurinn hafi lagt mikla vinnu í vörubróunina. „Við í sölubarnshópnum erum búin að liggja yfir hugmyndum, exel skjölum og kaffibollum sem hafa verið með kaffi í en stundum tómum. Við byrjuðum með heilan haug af hugmyndum, sumar frábærar, sumar of klikkaðar, aðrar glataðar en oftast skemmtilegar. Eftir að hafa farið vandlega yfir öll mál sem tengjast svona dótari eins t.d. peningum og framkvæmd komust við lokum að niðurstöðu um að það sem ætti að framleiða,“ skrifar Marta Sif fyrir hönd sölubarnshópsinn. Hópurinn gerði sér grein fyrir því að þótt Ísafjörður sé mikill tónlistarbær, spila samt ekki allir á gítar þannig ákveðið var að gera líka gítarneglu eyrnalokka og gítarneglu lyklakippur.



Sendiherrann snæddi hádegisverð í Tjörúhúsinu með bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar.

Sendiherra Noregs á Ísafirði

Dag Wernø Holter, sendiherra Noregs á Íslandi var í tveggja daga heimsókn í Ísafjarðarbæ í síðustu viku. „Holter tók við embætti sendiherra síðastliðið haust og heimsókn hans hingað er liður í fyrsta ferðalagi hans um landsbyggðina,“ segir Birna Lárusdóttir, ræðismaður Noregs í Ísafjarðarbæ sem fylgir sendiherranum í heimsókn hans. „Hann byrjar á því að heimsækja staði þar sem ræðismenn Noregs eru fyrir, en auk Ísafjarðarbæjar eru ræðismenn á Akureyri, Seyðisfirði og í Vestmanneyjum. Fyrstu mánuðina í embætti notaði hann til að kynnast stjórnsýslunni í Reykjavík og nú vill hann fræðast frekar um mannlífið á landsbyggðinni, fyrirtæki og stofnanir,“ segir Birna.

Sendiherrann kom víða við í heimsókn sinni. „Við hófum ferðina á heimsókn í frystihús HG í Hnífsdal þar sem vel var tekið á móti okkur, en HG á í nokkrum viðskiptum við norsk fyrirtæki, ekki síst í tengslum við þorskeldi félagsins. Þá átti hann fund með bæjarstjóranum og að honum loknum buðu for-

svarsmenn bæjarins honum í hádegismat í Neðstakaupstað. Eftir hádegidið lá leiðin til 3X Technology þar sem við fylgdumst með því hvernig tækin sem notuð voru í vinnslusal HG eru smíðuð. Og þaðan lá leið okkar í Háskólasetríð og Atvinnuþróunarfélagið.“

Þá heimsótti sendiherrann Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði, Borea Adventures og Flateyri, en saga Flateyrar tengist Noregi töluvert. Þar var t.a.m. reist hvalstöð fyrir aldamótin 1900 af Norðmanninum Ellefsen.

– kte@bb.is

Fallist á ríkisstyrki

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur fallist á breytingar á áætlun íslenska ríkisins um björgun sex sparisjóða.ESA heimilaði á síðasta ári ríkisstyrkjakerfi vegna björgunar á smærri sparisjóðum og gildi sú heimild í sex mánuð um er að ræða fimm sparisjóði, sem Seðlabankinn eignaðist í kjölfar falls Sparisjóðabanka Íslands á árinu 2009. Um er að ræða Sparisjóð Norðfjarðar, Sparisjóð Vestmannaeyja, Sparisjóð Svarfdæla, Sparisjóð Bolungarvíkur og Sparisjóð Þórshafnar.

Samþykki ESA á aðstoðarkerfinu var bundið því skilyrði að íslensk stjórnvöld legðu fram fyrir hvern sparisjóð áætlun um endurskipulagningu rekstrar eigi síðar en 21. desember 2010. Þá byggði ESA samþykki sitt á leiðbeinandi reglum vegna fjármála-



kreppunnar.

Í kjölfar tveggja dóma Hæstaréttar Íslands frá júní 2010 um ólögmati gengisbundinna lána var hins vegar nauðsynlegt að endurskoða skuldauppgjör þriggja sparisjóða við SÍ, þ.e. sparisjóða Vestmannaeyja, Þórshafnar og Svarfdæla. Auk þess að tilkynna um breytingar á því kerfi sem ESA hafði samþykkt, óskuðu ís-

lensk stjórnvöld eftir framlengingu á skilafresti á áætlunum um endurskipulagningu til 30. apríl 2011.

Í ákvörðun sinni kemst ESA að þeirri niðurstöðu að tilkynntar breytingar samræmist EES samningnum og framlengir jafnframt frest íslenskra stjórnvalda til að leggja fram áætlanir um endurskipulagningu eða slit til 30. apríl.

Bústofninn fluttur til förgunar

„Búskap er lokið hér, bústofninn er allur farinn. Það er ekkert flóknara,“ segir Steingrímur Jónsson, bóndi í Efri-Engidal en bústofn hans var fluttur burt til förgunar í síðustu viku. „Nú er bara að þrifa, ganga frá og hugsa sinn gang. Þetta er búið að vera langur og erfiður tími.“ Eins og fram hefur komið þurfti að farga bústofni tveggja býla í Engidal þar sem bæirnir voru sviptir framleiðsluleyfi í kjölfar þess að díoxínmengun greindist í mjólk- og kjötafurðum. Bústofn Steingríms taldi 80 kindur og 19 nautgripi. Á hinu býlinu voru rúmlega 200 fjár og von var á að á fjórða hundrað lömb myndu fæðast í vor. Förgunin var í umsjón Matvælastofnunar. Aðspurður um framhaldið segir Steingrímur að það sé óljóst. „Nú er bara að bíða eftir jarðvegssýnum og sýnum úr sjálfum sér. Svo er bara spurningin hvort maður bíði í eitt, tvö eða hundrað ár með að byrja búskap aftur.“

Í áfangaskýrslu Matvælastofnunar segir að brennslu í sorpbrennslustöðinni Funa hafi verið hætt í desember og samkvæmt gögnum frá Isavia og Veðurstofu Íslands er ríkjandi vindátt í dal-



Steingrímur Jónsson í auðu fjósi.

inn. „Fram að þeim tíma að brennslu var hætt hefur sennilega borist stöðug mengun út í umhverfið í formi ryks og agna. Um mörg mismunandi efni getur

verið að ræða. Mikið af þessu efni er enn á svæðinu og sennilegt að það verði á ferðinni þar um nokkurn tíma, hversu lengi er erfitt að segja til um. Þetta lausa

efni og ryk hefur smogið víða og líka í gripahús. Einnig verður að gera ráð fyrir að ryk frá heyi sé til staðar og það sé a.m.k. jafnmengað og heyið. Því er líklegt

að mengun sé enn að eiga sér stað á svæðinu, allavega hvað skepnur vaðrar. Eldri heyforði úr Engidal er mengaður.“

– thelma@bb.is



Betri einangrun
minni orkukostnaður

VIÐHALDSFRÍIR PVC-u GLUGGAR

Á Íslandi er síbreytileg veðráttal alþekkt. Þess vegna ættu Íslendingar að velja sér glugga sem standast erfið veðurskilyrði og þarfnast ekki viðhalds.



GLERBORG

Sími: 565 0000
www.glerborg.is

Komdu við á söluskrifstofu okkar
að Dalshrauni 13 í Hafnarfirði

Agnes þriðja í kjöri til vígslubiskups

Sr. Agnes M. Sigurðardóttir sóknarprestur í Bolungarvík fékk 34 atkvæði í fyrri umferð í kjöri vígslubiskups í Skálholti. Í síðari umferðinni verður kosið á milli þeirra sr. Sigrúnar Óskarsdóttur og sr. Jóns Dalbú Hróbjartssonar.

Í fyrri umferðinni fékk Sigrún 40 atkvæði og Jón Dalbú 35 atkvæði. Þá fékk Kristján Valur Ingólfsson fékk 27 atkvæði og Karl V. Matthíasson 12 atkvæði. Kjör-sókn var afar góð eða 98,6%. Síðari umferð fer fram í maí. Frá þessu var greint á kirkj-an.is.

smáar

Herbergi eða lítil íbúð óskast til leigu á Ísafirði í sumar (júní til ágúst). Vinsamlegast hafið samband við Hjalta í síma 848 6063 eða á hsa@hi.is.



SPEGLAR
Framleiðum spegla eftir málum.

www.samverk.is
samverk@samverk.is



Hópurinn ásamt skólameistara franska skólans og kennurum í móttöku í ráðhúsinu í Les Sables. Þar var okkur sagt að upphafið að samstarfi franska skólans við aðra skóla, m.a. í Ástralíu, Ítalíu og Bandaríkjunum megi rekja til fyrsta verkefnisins með okkur og þökkðu okkur sérstaklega fyrir gott samstarf. Ljósmyndir: Aníta Björk Jóhannsdóttir.

Upplifðu skólalíf í Frakklandi

Tuttugu og tveggja manna hópur menntaskólanema á Ísafirði, ásamt tveimur kennurum, ferðaðist til Frakklands seinni hluta mars. Ferðinni var heitið til siglingabæjarins Les Sables d'Olonne þar sem nemendur dvelja hjá félögum sínum sem heimsóttu þá í haust. Þetta er í fjórða sinn sem nemendahópur fer þangað á vegum Menntaskólans en þar fá þeir að kynna því hvernig er að vera menntaskólanemi á vesturströnd Frakklands.

Sunna Karen Einarsdóttir og Kristín Ósk Sigurjónsdóttir Frakklandsfarar sögðu blaðamanni frá því helsta sem fyrir augu bar í ferðinni.

„Við fórum í ýmsar ferðir, til dæmis skoðuðum við kastala, fórum í dýragarð og smökkuðum ostrur. Þá fórum við með hinum



Kristín Ósk Sigurjónsdóttir, Sunna Karen Einarsdóttir, Kristný Pétursdóttir, Aníta Björk Jóhannsdóttir, Björk Sigurðardóttir í leilu.

Gefið og þegið

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mál-efnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Þjóðaratkvæðagreiðslan um niðurstöðu laganna um Icesave samningana hefur vakið miklar umræður innan lands og utan. Það er eðlilegt. Hér heima hafa menn skiptar skoðanir á því hvað gera skyldi. Afgerandi meirihluti valdi að hafna skuldbindingum sem lentu á þjóðinni, á börnum og barnabörnum okkar sem nú eru uppi. Var hætta á ferðum þótt samþykkt hefði verið? Við því er ekki einhlítt svar. En er einhver hætta á ferðum þótt samningum hafi verið hafnað? Lee Buchert formaður síðustu nefndar sem samdi við Hollendinga og Breta hefur sagt að Íslendingum bæri ekki lagaskylda að greiða innstæður Breta og Hollendinga. Hvers vegna átti þá að semja? Þjóðin hefur svarað með afgerandi hætti.

Því hefur verið haldið fram að eignir þrotabús Landsbankans gamla séu nægar til að greiða innistæðutryggingar vegna Icesave. Hvers vegna átti þá að ganga til samninga? Ekki eru gerðir samningar við einstaka kröfuhafa í þrotabúum gjaldþrota einstaklinga og fyrirtækja. Þar gilda almennar reglur laga um gjaldþrot og þykir ekki ástæða til að víkja frá þeim enda væri það klárt brot á lögum. Margir kjósendur tengdu Evrópusambandið og Icesave þannig að um væri að ræða tvær hliðar sömu myntar. Stuðningsmönnum þess að sækja um inngöngu í Evrópusambandið hefur líklega fækkað umtalsvert ef ráða má af úrslitum kosninganna og umræðum sem

þeim fylgdu. Íslendingar tóku ákvörðun. Nú verður ríkisstjórn að finna leið til að brúa gjá milli þjóðar annars vegar og Alpings og sín á hinn veginn.

Þessi sama ríkisstjórn kom til fundar á Ísafirði 5 apríl síðastliðinn, fyrir rúmum hálfum mánuði, og lofaði ýmsu góðu, en þó verður þess ekki vart að atvinna aukist sem neinu nemur. Við þökkum allt sem að okkur er rétt og vonum að lífið verði léttara og að íbúum fækki ekki heldur þvert á móti fjölgi. Við fáum sennilega í kaupbæti þjóðgarð sem nær yfir alla Vestfirði. Nýir vegir sem lofað er munu gera samborgurum okkar annars staðar á landinu auðveldara að skoða okkur. Við gætum leikið hlutverk manna úr sögu Vestfjarða og leikið sögulegt hlutverk um leið. Vonandi verður það þó ekki hlutskipti Íslands að verða slíkur sýningargarður fyrir Evrópubúa. Þeim mun þykja nóg um hve skrítnir Íslendingar eru, ekki síst þegar kemur að samskiptum við aðrar þjóðir.

Reyndar höfum við Vestfirðingar verið sjálfstæðir í hugsun og ekki látið undan óbilgjörnum kröfum nema ef væri að við höfum ekki forgang að fiskimiðum undan Vestfjörðum. Það er slæmt. En það væri enn verra ef við Íslendingar gæfum eftir ráð okkar á fiskimiðum okkar til yfirþjóðlegs valds í Evrópu.

krökkunum á ströndina.“ segir Sunna Karen.

„Þetta er ferðamannabær á sumrin og það margfaldast íbúafjöldinn yfir þann tíma, eða úr um 30 þúsund íbúum í 300 þúsund!

„Svo fórum við að sjálfsögðu með hinum krökkunum í skólann þar sem þetta var námsferð,“ segir Sunna Karen.

„Við byrjuðum á því þegar við komum að taka próf með krökkunum um heimsókn þeirra til Ísafjarðar fyrir ári. Við vorum svo bara að upplifa þeirra skólalíf og félagslíf. Við vorum samt meira eins og við værum í frí og fengum að njóta þess en ekki eingöngu vera í skólaverkefnum,“ segir Kristín Ósk.

„Skólinn er mjög fjölmennur og allt svo stórt í sniðum. Krakkarnir mega ekki fara af skólalóðinni og eru í skólanum nánast allan daginn,“ segir Sunna Karen.

Þá fannst þeim stöllum margt ólíkt því sem þær eiga að venjast hér á Íslandi.

„Matarvenjurnar voru til dæmis mjög ólíkar okkar. Frakkar borða mjög mikið af súkkulaði og snakki. Nemarnir voru allir með snakkpoka í nesti í skólanum. Samt eru þau mjög grönn en mér fannst þetta frekar skríttinn siður. Síðasta kvöldið okkar var okkur boðið í finan kvöldverð og þá var snakkpoki í forrétt,“ Sunna Karen og þær hlæja báðar.

„Já við fórum líka í ostasmökkun og heimsóttum súkkulaðiverksmiðju og fengum algjört sykursjokk,“ bætir Kristín Ósk við.

Og svo eru allir inni á skónum sem mér fannst frekar óþægilegt,“ segir Sunna Karen og Kristín Ósk tekur undir með henni.

Hlupu milli ferðamannastaða

Eftir vikudvöl í Les Sables d'Olonne ferðaðist hópurinn með lest til Parísar og var þar í þrjá daga.

„Við fórum í verslunarleiðangur og hlupum á milli ferðamannastaðanna. Við skoðuðum Eiffelturninn, Louvre-safnið, Notre Dame, Sigurbogann, og alla þessa frægu staði auk Sacre le coeur sem er rosa flott kirkja,“ segir Sunna Karen.

„Við skoðuðum líka markaði og fórum í gettó Parísar. Svo gengum við út um alla borg. Ég hef sjaldan, ef ekki aldrei, gengið eins mikið á ævinni,“ segir Kristín Ósk.

Mjög skemmtileg ferð

„Yfir heildina var þetta mjög skemmtileg ferð og við fengum mjög gott veður á meðan dvölinni okkar stóð,“ segir Sunna Karen.

„Það var líka mjög gaman þegar við tókum á móti nemendum hér heima í fyrra. Það var



Vestfirðingarnir nutu sín á ströndinni á Les Sables d'Olonne. Myndin er af Natalíu og Lydíu Sigurðardætrum á handahlaupum.



Sunna Karen hreifst af gömlum kastala sem skoðaður var.



Frakklandsfararnir skoðuðu m.a. Notre Dame kirkjuna.

mjög fínt að vera búin að fá þau í heimsókn og kynnst þeim áður en við fórum út,“ segir Kristín og bætir við. „Eftir í raun aðeins tveggja vikna kynni felldu margir tár þegar við kvöddumst.“

„Reyndar hafa margir verið í sambandi á netinu á milli heim-

sókna og margir segjast ætla koma aftur til Ísafjarðar og ég væri sko alveg til í að fara aftur til Frakklands.“

Hingað til hefur verkefnið hlotið styrk frá Evrópusambandinu en nú voru aðstæður aðrar og orðið töluvert flóknara að verða



Svanur Pálsson, Ingvar Bjarni Viktorsson, Þorgeir Jónsson frir framan Eiffel turninn í París.



Heimsótt var súkkulaðiverksmiðja enda súkkulaði í hávegum haft meðal Frakka.



Særún Lind Bergsteinsdóttir virðir fyrir sér París úr Eiffel turninum.

sér úti um styrk. Þess vegna stóðu nemendurnir í fjáröflun frá áramótum m.a. með kökubasar, dósasölu og áheitasöfnun. „Við söfnuðum sjálf fyrir ferðinni. Þetta var töluverð vinna en alveg þess virði þar sem þetta var mjög gaman,“ segir Kristín Ósk. Einnig

leitustu þeir til fyrirtækja um fjárstyrk og var nokkuð vel tekið í það, þó nokkuð mörg fyrirtæki hafa styrkt ferðina með beinum peningum eða með framleiðsluvörum til endursölu. Vilja ferðalangarnir skila þakklæti til þeirra sem styrktu krakkana.

Þingeyrarkirkja er 100 ára um þessar mundir og var þess minnst með hátíðarmessu sem haldinn var sunnudaginn 10. apríl. Kirkjan var byggð á árunum 1909-1911 og vígð 9. apríl 1911. Áður stóð kirkja á Söndum utan og ofan við Þingeyri a.m.k. frá því á 13. öld. Árið 1909 var ákveðið að byggja kirkju á Þingeyri því að kaupúnið var að byggjast upp. Íbúar í Sandasókn voru þá 618. Rögnvaldur Ólafsson arkitekt og húsameistari teiknaði Þingeyrarkirkju. Hún er steinsteypt í gotneskum stíl en að innan er hún prýdd fögru tréverki. Rögnvaldur var Dýrfirðingur og réð hann útliti og staðsetningu kirkjunnar á kirkjulóðinni, sem Gramsverslun

Þá Þingeyri gaf undir kirkjubýgginguna. Arkitektinn lét kirkjuna snúa í norður og suður en ekki í austur og vestur eins og viðtekið venja er og var hún látin snúa svo sem hún gerir til að bera vel við þeim sem koma af hafi til Þingeyrar.

Yfirmsíður við steypuvinnuna við kirkjubýgginguna var Bergsveinn Jóhannesson en Jóhannes Ólafsson þáverandi hreppsstjóri var yfirmsíður við trésmíðina. Auk þeirra unnu sex menn í byggingavinnu með þeim. Að söfnuðinum tókst að ljúka kirkjusmíðinni á svo skömmum tíma sem raun ber vitni er vegna þess hve margir lögðu á sig fórnfúst starf í sambandi við vinnu og fjáröfl-

un. Sérstaklega vann sóknarnefndin vel og skipulega að öllum undirbúningi. Fjöldi fólks vann í sjálfböðavinnu við bygginguna. Ein leið til fjáröflunar var sú að hver sjómaður á þilskipum var fenginn til að gefa einn fisk úr róðri og hver trilla einn fisk. Þá voru sóknargjöld hækkuð um helming meðan verið var að greiða niður kostnað við bygginguna.

Þingeyrarkirkja er vel búin gripum enda hafa góðar gjafir borist kirkjunni frá upphafi. Altaristaflan, stórt olíumálverk frá 1911, var gjöf Gramsverslunar og er hún máluð af Þórnari B. Þorlákssyni, listmálara. Altaristaflan sýnir Krist sem situr úti í



íslenski náttúru og blessar þrjú börn sem hjá honum standa. Skírnarfontur er útskorinn af Ríkharði Jónssyni, myndskera, en skírnaarskálin er forn skál úr Sandakirkju.

inu. Endurbæturnar voru mjög kostnaðarsamar en kirkjan naut velvildar margra m.a. Jöfnunar-sjóðs og Húsafriðunarnefndar við endurbæturnar.

Píngeyrarkirkja er fagurt hús og merkilegt guðshús frá mörgum sjónarhornum séð og nauðsynlegt að henni sé haldið vel við svo að hún fái staðið og þjónað söfnuðinum um ókomna tíð.

Í tilefni af afmælinu ákvað sóknarnefndin að opna sálma-
bókasjóð í Sparisjóðnum. Númer
hans er kt. 710269-1309, 1128
05 000470. Ný sálmaabók verður
gefin út á næstu árum og er af-
mælisgjöfom til Þingeyrarkirkju
vel varið í þennan sjóð til að
kirkjan eignist nýjar sálmaabækur
þegar þar að kemur.

[illegible]

L	↓	K	FLETI KUSK	UNG- VIDI	ATT	↓	B	ORR- STA KYRI- TAKI	TALA	TIOND (KLAH- AUN	S
↓	B	O	L	U	N	G	A	R	V	I	K
RAN- DYR SPIL	L	J	Ö	N	FJÖTA KARUK NARUK	Ö	R	A	ATT SAMT.	S	A
↓	T	I	A	NORMA FLUG DULIEG	G	A	N	D	R	E	Ð
SAMH- VEISLA	T	RAKA SPYR	S	A	G	G	A	I	N	N	i
↓	A	T	FUGLI FJÖTIB	E	R	N	i	G	K	EINS STRAX	NN
STAF	↓	A	i	GANI STAKUR	A	N	i	ATT TAEI- NADUR	N	EINS VEGUR LITID	N
NEINAR PUKA	E	N	G	A	R	↓	STREB SELM- STABUR	P	U	L	ASAK- IST
↓	A	R	A	TALA OP	L	EINS UMG- EINS	E	G	E	HRID	É
↓	→	V	E	Ð	R	i	Ð	TANGI HÖGG- YAPN	T	A	
MATAR HÖLD- UM	S	K	E	i	Ð	U	M	BORDI KLUKKA	E	T	i
↓	S	L	A	i	N	↓	L	U	X	U	S
RAIN UPP- HR.	Ö	↓	NCEND	N	N	TIL FRIDS SAMH	E	i	R	i	R

„Blackeraður“ lax með fersku ávaxtasalsa og jógúrtsósu

Þar sem sumardagurinn fyrsti er á næsta leiti, langar mig að bjóða upp léttan og sumarlegan fiskirétt með fersku salsa og jógúrtsósu. Rétturinn hentar fyrir fjóra. Svo er einföld súkkulaðikaka í eftirrétt.

„Blackeraður“ lax með fersku ávaxtasalsa og jógúrtsósu (fyrir 4)

1 stk laxaflak
Mangóchutney
2 msk pistasíur
2 msk cashew hnetur
20 gr snjóbaunir
Cayenne kryddblanda:
4 msk sykurl
1 msk salt
½ msk pipar

2 tsk timian
1 tsk rósapipar
1 tsk paprikuduft
1 tsk cayennepipar
1 tsk hvítlauksduft
½ tsk karrýduft

Roðflettið og hreinsið laxinn, blandið öllu kryddinu vel saman og síðan er bara stráð vel yfir laxinn. Heilsteikið á pönnu í ca 4 mín á hvorri hlið, þegar búið er að snúa laxinum við er mangóchutney smurt á og hnetunum dreift yfir ásamt snjóbaunum sem búið er að skera í strimla. Tekið af og sett á fat.

Ávaxtasalsa:
50 gr klettasalat

1 stk papayja
1 stk mangó
½ stk rauður chilli
20 gr picklaður engifer
10 gr kóríander, ferskt
½ stk lime
2 msk olía
1 tsk grófmalaður pipar

Papayja og mangó er afhýðað og skorið í teninga. Engifer, kóríander og chilli er skorið smátt. Öllu blandað saman í skál og kryddað til með pipar, lime safa og lime berki. Olía sett síðast. Hægt er að nota ferskan ananas í stað papaya.

Jógurt sósa:
200 ml grísk jógurt



2 stk hvítlauksgeirar
10 gr kóríander
10 gr piklaður engifer
1 tsk grófmalaður pipar
Safi úr ½ lime

200 g smjör
8 egg
200 g sykurl

Hvítlaukur, engifer og kóríander er skorið smátt og sett út í jógurtið kryddað til með lime safa og grófum pipar.

Súkkulaðikaka:
500 g dökkt súkkulaði

Súkkulaði brætt yfir vatnsbaði, mjúku smjöri bætt út í. Sykur og egg þeytt vel saman og bætt út í súkkulaðið. Bakað við 175°C í 10-15 mín.

Ég skora á Patrek Súna Reehaug á Ísafirði að koma með uppskrift í næsta blað.

Ísafjarðarhjarta slær í Grafík

Ísfirski hljómsveitin Grafíkk treður upp á Aldrei fór ég suður hátíðinni um páskana en hljómsveitin fagnar þrítugsafmæli í ár. Að sögn Helga Björnssonar, söngvara sveitarinnar, eru Grafíkmenn afar spenntir að koma vestur.

„Aðalstuðið er og hefur alltaf verið á Ísafirði um páskana. Við erum mjög spenntir að koma en það er alltaf gaman að koma heim til Ísafjarðar.“

Auk þess að spila á rokkhátíð alþýðunnar mun Grafíkk trylla lýðinn á páskaballi með Sssól. Eins og alþjóð veit þenur Helgi Björnsson raddböndin í báðum hljómsveitunum, en hvað kom til að þessar tvær vinsælu sveitir ætla að rugla saman reitum?

„Það æxlaðist bara óvart þannig. Sólin hefur haldið páskaball á Ísafirði undanfarin ár og þar sem Grafíkk var að spila á Aldrei fór ég suður ákváðum við að skella saman í eitt gott „old style“ Ísafjarðarpáskaball. Ætlum að slá saman í góðan suðupott af megadjammi og stemmningu,“ segir Helgi og bætir við. „Allir tónlistarmennirnir á Aldrei koma saman að hátíð lokinni og slá upp veislu á sunnudag í félagsheimilinu í Bolungarvík. Að veislu lokinni ætlum við svo að vera með páskaballið þar í nýuppgerðu félagsheimili Bolvíkinga.“

Egill Rafnsson, trommuleikari Grafíkur og nýjasti meðlimur Grafíkur, tekur undir með Helga að von sé á dúndurballi.

„Það var fundið gamalt rykfallið prógram frá gömlu páska-



Margt hefur drifið á ferli Grafíkur frá því fyrir 30 árum.

balli fyrir minn tíma og prentað út bestu lögin svo að þetta ætti að vera mjög skemmtilegt ball.“

Þá hlakkar hann einnig til að koma fram á Aldrei fór ég suður.

„Hátíðin er er svo rosalega rómantísk. Ég komst ekki í fyrri því við konan vorum að eignast strákinn okkar einmitt á þeim tíma og ég hlakkaði því mikið til að koma í ár, löngu áður en ég vissi að ég væri að fara spila þar. Það varð því bara enn meiri spennan þegar ákveðið var að Grafíkk myndi spila.“

Það er orðið langt síðan við spiluðum fyrir vestan. Við komum síðast saman á menningarnótt í Reykjavík síðasta sumar en við

höfum ekki spilað á Ísafirði síðan 2005. Þetta er því mjög spennandi.“

Egill kom inn í sveitina fyrir nokkrum árum og lemur húðirnar. Hvernig finnst honum að vera nýjasti meðlimurinn í svona rótgrónni hljómsveit?

„Það er svolítið skrítið að vera að halda upp á þrítugsafmæli áður en maður nær þeim aldri sjálfur. En það er bara gaman.“

Ýmislegt er á döfinni hjá Grafíkk á afmælisárinu.

„Fyrsta platan kom út 1981 en hún hélt lög eins og Vídeó vídeó. Í tilefni af því erum við í startholunum með því að plötu með bestu lögunum og heimildamynd

um Grafíkk. Við vonumst til að geta gefið hana út í haust. Við erum jafnvel að tala um að fara í stúdíó og taka upp ný lög til að láta fylgja plötunni, það væri mjög gaman ef við næðum að gera það,“ segir Helgi.

Blómatímabil Grafíkur var á árunum 1981-1987 en á því tímabili gaf sveitin út fimm plötur og á að baki fjölda laga sem enn eru Íslendingum hugleikin. Helgi segir að þótt hljómsveitin hafi flutt aðsetur sitt frá Ísafirði til Reykjavíkur 1983 séu ræturnar fyrir vestan.

„Það er mjög skemmtilegt að rifja þetta upp. Það er stórt Ísafjarðarhjarta sem slær í þessari hljómsveit.“

„Það er búið að hafa upp mikið af gömlu efni og þegar við komum saman á Ísafirði árið 2005 var tekið upp hellings efni. Það er því til mikið af skemmtilegu og spennandi efni sem hefur ekki sést í langan tíma og margt sem hefur ekki sést áður,“ segir Egill.

– Eru fleiri uppákomur á planinu?

„Þetta er ekkert annað en Ísafjörður á dagskránni í bili. Maður veit svo sem ekkert hvort einhver nenni að hlusta á okkur,“ segir Egill og hlær. „Nei, nei ég hef fulla trú á þessu og held að þetta verði rosalega gaman. Ég dauðhlakka til allavega,“ segir Egill og er eflaust ekki einn um það.

– thelma@bb.is



TOP N+ ... betra gler
Gasfyllt gler, aukin einangrun.

Glerverksmiðjan Samverk ehf
Eyjasandi 2, 850 Hella
sími: 488-9000 • fax: 488-9001
www.samverk.is • samverk@samverk.is



FERMINGARGJAFIR Í EYMONDSSON

Íslands eina von þarf góðan stuðning til framtíðar




MYNDLIST

Myndlistarvörur
Allt nema snjáður hattur. Kjarval keypti hann.



6.780 kr.

Saga daganna
Litlu munaði að Jón Sigurðsson fæddist á Jónsmessu. En hann fékk 17. júní í staðinn.



Verð frá
12.990 kr.

Alheimurinn
Þorvaldur víðförli var bara rétt að byrja.

Verð frá
4.999 kr.

Pennasett
Axlar-Björn hefði betur vitað að penninn er máttugri en sverðið!



Verð frá
5.999 kr.

Hnattlíkön
Hver man ekki eftir Guðriði Þorbjarnardóttur? Átti hún upplýst hnattlíkan?



Verð frá
9.999 kr.

Taska á hjólum
Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson áttu eina saman.



Mundu eftir gjafakortunum | Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872